Umhverfisstofnun
Áb. BS
16 NOV. 2007
5471
Tilv UST2007110007

UST
**Umhverfisstofnun**
*Environment and Food Agency of Iceland*
*Suðurlandsbraut 24*
*IS-108 Reykjavík, Iceland*
*(+354) 591 2000*
*Fax (+354) 591 2010*
*umhverfisstofnun@ust.is*
*www.umhverfisstofnun.is*

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2007
Tilvísun: UST20071100071/bs

**Borun tveggja gufuhola fyrir Reykjanesvirkjun, Reykjanesbæ. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Áformað er að stefnubora tvær nýjar gufuholur til að nýta gufupúða sem myndast hefur undir hverasvæðinu við Gunnuhver suður af iðnaðarsvæðinu. Aukinn þrýstingur í gufupúðanum hefur valdið aukinni virkni á hverasvæðinu þannig að hætta getur skapast fyrir þá sem leið eiga um svæðið. Framkvæmdaaðili mun stýra nýtingu á gufuholunum m.t.t. virkni hverasvæðisins. Umhverfisstonun telur að þetta þýði að framkvæmdaaðili muni leitast við að viðhalda þeirri virkni á hverasvæðinu sem var áður en jarðhitanýting hófst á svæðinu.

Umræddar holur verða stefnuboraðar frá borplönum sem fyrir eru á iðnaðarsvæðinu.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson

Helgi Jensson
Forstöðumaður